



Norræna ráðherranefndin

# Verkefna- og fjárhagsáætlun 2015 – samantekt





## Efnisyfirlit

- 5 **Verkefna- og fjárhagsáætlun 2015**
- 5 Ný norræn fjárhagsáætlun
- 6 Heildarrammi fjárhagsáætlunar og skipting milli sviða
- 9 Meginlínur fjárhagsáætlunar 2015
- 9 Pólítísk forgangsröðun ráðherranefndanna
- 10 Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun 2015
- 12 Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna
- 13 Áætluð framlög landanna í eigin gjaldmiðli
- 14 Þróun fjárhagsáætlana á árunum 2004–2015
- 15 Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar
- 22 Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í þeirra gjaldmiðli
- 23 Fylgiskjal 2: Gengi gjaldmiðla og verðbólgustig 2015

**Norræna ráðherranefndin**  
**Verkefna- og fjárhagsáætlun 2015 – samantekt**

ISBN 978-92-893-3963-6 (PRINT)  
ISBN 978-92-893-3964-3 (PDF)  
<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2015-716>  
ANP 2015:716  
© Norræna ráðherranefndin 2015

Prentun: Scanprint as  
Upplag: 150

Printed in Denmark



[www.norden.org/is/utgafa](http://www.norden.org/is/utgafa)

**Norrænt samstarf**

*Norræna samstarfi* er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

*Norræna samstarfi* er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.


Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

**Norræna ráðherranefndin**

Ved Stranden 18  
DK-1061 København K  
Telefon (+45) 3396 0200

[www.norden.org](http://www.norden.org)

# Verkefna- og fjárhagsáætlun 2015



## Ný norræn fjárhagsáætlun

Árið 2015 verður mikilvægt þegar nútímavæðingu þeirri sem samstarfsráðherrarnir samþykktu í júní 2014 verður hrint í framkvæmd. Markmiðið með umbótunum er að efla norrænt samstarf á ráðherrastigi, tryggja skilvirka skrifstofu, auka norrænt notagildi verkefna og áætlana ráðherranefndarinnar og bæta stjórnun norræna stofnana. Frágangur ritsins með fjárhagsáætlun ársins 2015 er mikilvægur þáttur í þeim umbótum. Formi og uppsetningu áætlunarinnar hefur verið breytt töluvert með það fyrir augum að skýra markmiðin svo auðveldara verði að fylgjast með árangrinum. Leitast hefur verið við að gera ritið aðgengilegt og notendavænt í alla staði. Önnur mikilvæg nýjung er sú að við viljum auka samráð um forgangsröðun og meginlínur Norðurlandaráðs við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2015 er stuðst við ramma og leiðbeiningar samstarfsráðherranna og tillögur frá samstarfssviðunum. Þá er snið fjárhagsáætlunarinnar og forgangsröðun í samræmi við framtíðarsýn samstarfsráðherranna frá árinu 2014 um landamæralaus, nýskapandi, sýnileg og opin Norðurlönd. Fjárhagsáætlunin felur í sér 2% lækkun miðað við fjárhagsáætlun 2014. Lækkunin verður framkvæmd með markvissri forgangsröðun innan fagsviðanna.

Í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2015 gefst svigrúm fyrir mikilvægar aðgerðir á öllum sviðum. Forgangsverkefnaliðurinn heldur áfram samkvæmt markmiðunum með stofnun hans 2013. Mikilvægar aðgerðir sem hafnar voru á formennskuári Svía 2013 og Íslendinga 2014 halda áfram auk nýrra aðgerða sem hefjast á formennskuári Dana 2015. Danska formennskan

leggur áherslu á hagvöxt, velferð, gildi og hafsvæði á norðurslóðum. Forgangsverkefnaliðurinn mun meðal annars gera kleift að halda áfram aðgerðum á við Grænan hagvöxt og Sjálfbæra norræna velferð.

Bo Könberg, fyrrum félagsmálaráðherra Svía, leiddi viðamikla úttekt á sóknarfærum í norrænu samstarfi um heilbrigðismál. Skýrslan var kynnt á vordögum 2014. Í fjárhagsáætlun 2015 eru fjárveitingar til aðgerða í tilefni úttektarinnar og ennfremur til nýrra stefnumótandi úttekta af svipaðri gerð. Vinnumálaráðherrarnir (MR-A) hafa þegar ákveðið að ráðast í stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi á sviði vinnumála.

Alþjóðlegt samstarf við nágretta okkar og aðra aðila verður áfram í fyrirrúmi. Lögð verður sérstök áhersla á að kynna Norðurlöndin og skapa þeim stöðu á árinu 2015 í framhaldi af stefnumótun samstarfsráðherranna frá 2014. Afnáam stjórnsýsluhindrana verður enn sem áður í öndvegi og þar gegnir Stjórnsýsluhindranaráðið mikilvægu hlutverki.

Samráð var haft við Norðurlandaráð við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Samningaviðræðum ráðherranefndarinnar og ráðsins lyktaði með málamiðlun um 18 liði fjárhagsáætlunarinnar. Málamiðlunin birtist í heild sinni í ritinu um fjárhagsáætlunina. Hana ber að hafa í huga þegar fjárhagsáætlunir og fjárlagaliðir sviðanna eru skoðaðir.

Kaupmannahöfn, 25. nóvember 2014

Dagfinn Høybråten  
Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar



## Heildarrammi fjárhagsáætlunar og skipting milli sviða

Heildarrammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherra-nefndarinnar 2015 nemur samtals 931.782 þús. DKK en niðurskurður miðað við 2014 nemur 2% (á verðlagi ársins 2014). Sparnaðurinn nemur 19 milljónum DKK.

Rammann má skilgreina sem hér segir:

HEILDARRAMMI	Þús. DKK
Fjárhagsáætlun 2014	955.215
2% sparnaður	-19.105
Samþykkt fjárhagsáætlun 2015 á verðlagi ársins 2014	936.110
Áhrif verðbólgu milli ára	14.636
Áhrif gengisbreytinga milli ára	-18.964
<b>Samtals á verðlagi ársins 2015</b>	<b>931.782</b>

Við heildarramma ársins 2015 (á verðlagi ársins 2014) þarf að bæta áhrifum áætlaðrar verðbólgu og gengisbreytinga samkvæmt verðlagsstuðlum og gengi gjaldmiðla sem sjá má í fylgiskjali 2 og fæst þá heildarrammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2015.

Vegna framreiknings í fjárhagsáætlun 2015 koma til verðbætur að upphæð 14.636 þús. DKK, en þær samsvara 1,6% hækkun fjárhagsáætlunar. Umreikningur fjárveitinga til stofnana úr gjaldmiðli þeirra í danskar krónur lækkar fjárhagsáætlunina um 18.964 þús. DKK. Taka ber fram að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á stærð fjárhagsáætlunarinnar (og framlög landanna) eða fjárveitinga til stofnananna. Gengi gjaldmiðlanna er eingöngu notað til að umreikna fjárveitingar til stofnana í danskar krónur, en þær eru greiddar út í gjaldmiðli stofnunarinnar.

Á næstu blaðsíðu sést skipting útgjaldarammans milli sviðanna á árinu 2015.

**SAMANBURÐUR Á FJÁRHAGSÁÆTLUNUM 2015 OG 2014 (verðlag hvors árs í þús. DKK)**

	Fjárhags- áætlun 2015	Fjárhags- áætlun 2014	+/-	Mismunur 2015
<b>1. MR-SAM Samstarfsráðherrarnir</b>	<b>255.258</b>	<b>256.910</b>	<b>-1.652</b>	<b>-0,6%</b>
a. Fjárveiting til forgangsverkefna	74.375	74.768	-393	-0,5%
b. Alþjóðasamstarf	74.320	74.780	-460	-0,6%
i. Þar af skrifstofurnar*	21.330	21.077	253	1,2%
c. Önnur starfsemi og skrifstofa ráðherranefndarinnar	106.563	107.362	-799	-0,7%
i. Þar af skrifstofan	77.560	78.204	-644	-0,8%
<b>2. MR-U Menntamál og rannsóknir</b>	<b>228.116</b>	<b>238.384</b>	<b>-10.268</b>	<b>-4,3%</b>
a. Almenn menntamála- og rannsóknarstarfsemi	3.680	2.939	741	25,2%
b. Stefnumörkun o.fl.	15.481	17.847	-2.366	-13,3%
c. Ferðastyrkir og tengslanetsáætlanir	75.735	74.616	1.119	1,5%
d. Norræna rannsóknarráðið (NordForsk) (stofnun)	111.296	121.382	-10.086	-8,3%
e. Annað samstarf um rannsóknir	21.924	21.600	324	1,5%
<b>3. MR-S Félags- og heilbrigðismál</b>	<b>38.956</b>	<b>40.293</b>	<b>-1.337</b>	<b>-3,3%</b>
i. Þar af Norræna velferðarmiðstöðin (stofnun)	20.335	21.142	-807	-3,8%
<b>4. MR-K Menningarmál</b>	<b>167.143</b>	<b>167.879</b>	<b>-736</b>	<b>-0,4%</b>
a. Almenn framlög til menningarmála	46.284	46.416	-132	-0,3%
b. Börn og ungmenni	6.036	6.068	-32	-0,5%
c. Kvikmyndir og fjölmiðlar	35.062	37.207	-2.145	-5,8%
i. Þar af Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM) (stofnun)	3.025	3.144	-119	-3,8%
d. Listir	76.003	74.486	1.517	2,0%
i. Þar af norrænu menningarhúsin (stofnanir)	42.793	41.767	1.026	2,5%
e. Önnur framlög til menningarmála	3.758	3.702	56	1,5%
<b>5. MR-FJLS Fiskveiðar og fis eldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt</b>	<b>39.769</b>	<b>41.093</b>	<b>-1.324</b>	<b>-3,2%</b>
a. Fiskveiðar	6.198	6.106	92	1,5%
b. Landbúnaður	21.204	21.981	-777	-3,5%
i. Þar af NordGen (stofnun)	20.016	20.810	-794	-3,8%
c. Matvæli	6.500	7.226	-726	-10,0%
d. Skógrækt	5.867	5.780	87	1,5%



Framhald frá bls. 7



## SAMANBURÐUR Á FJÁRHAGSÁÆTLUNUM 2015 OG 2014 (verðlag hvors árs í þús. DKK)

	Fjárhags- áætlun 2015	Fjárhags- áætlun 2014	+/-	Mismunur 2015
<b>6. MR-JAM Jafnréttismál</b>	<b>8.873</b>	<b>8.919</b>	<b>-46</b>	<b>-0,5%</b>
<b>7. MR-NER Atvinnu-, orku- og byggðamál</b>	<b>132.686</b>	<b>140.438</b>	<b>-7.752</b>	<b>-5,5%</b>
a. Atvinnumál	89.619	95.991	-6.372	-6,6%
i. Þar af Norræna nýsköpunarmiðstöðin (stofnun)	72.471	79.096	-6.625	-8,4%
b. Orkumál	10.582	11.163	-581	-5,2%
i. Þar af Norrænar orkurannsóknir (stofnun)	6.452	6.971	-519	-7,4%
c. Byggðamál	32.485	33.284	-799	-2,4%
i. Þar af Norræna rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) (stofnun)	11.254	11.701	-447	-3,8%
<b>8. MR-M Umhverfismá</b>	<b>44.157</b>	<b>44.392</b>	<b>-235</b>	<b>-0,5%</b>
<b>9. MR-A Vinnumál</b>	<b>13.632</b>	<b>13.698</b>	<b>-66</b>	<b>-0,5%</b>
i. Þar af fræðslustofnun á sviði vinnuverndar (NIVA) (stofnun)	3.370	3.314	56	1,7%
<b>10. MR-FINANS Efnahags- og fjármálastefna</b>	<b>1.810</b>	<b>1.819</b>	<b>-9</b>	<b>-0,5%</b>
<b>11. MR-LOV Löggjafarmál</b>	<b>1.382</b>	<b>1.390</b>	<b>-8</b>	<b>-0,6%</b>
<b>Norræn heildarfjárhagsáætlun</b>	<b>931.782</b>	<b>955.215</b>	<b>-23.433</b>	<b>-2,5%</b>

\* Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen

Skipting heildarramma milli fjárlagaliða í dönskum krónum má finna á bls. 15.

## Meginlínur fjárhagsáætlunar 2015

Norræna ráðherranefndin er formlegur samstarfs- vettvangur norrænu ríkisstjórnanna. Starf ráðherra- nefndarinnar byggir á Helsingforssamningnum en hann var síðast endurskoðaður 1995.

Norrænu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) bera meginábyrgð á að samræma störf ráðherranefndarinnar. Samstarfið fer einnig fram í tíu fagráðherranefndum.

Löndin skiptast á að gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Danir tóku við formennsku af Íslendingum 2015.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu 2% lækkun í norrænu fjárhagsáætluninni 2015. Sparnaðurinn dreifist jafnt á samstarfssviðin. Auk þess verður forgangsraðað innan fjárhagsáætlana samstarfssviðanna.

Þrátt fyrir kröfur um 2% sparnað halda forgangsverkefni Sjálfbær norræn velferð og Grænn hagvöxtur áfram 2015, auk þeirra formenskuverkefna sem Svía og Íslendingar ýttu úr vör. Á árinu 2015 bætast einnig við verkefni dönsku formenskunnar.

Tillagan að fjárhagsáætlun tekur mið af fjárveitingum fagráðherranna og tillögum samstarfssviðanna um forgangsörðun sem og niðurskurð. Samstarfsráðherrarnir ákveða að leggja fram drög að fjárhagsáætlun í september 2014 á grundvelli tillögu framkvæmdastjórans og umsagna sem bárust frá löndunum. Að lokinni umræðu í Norðurlandaráði samþykkja samstarfsráðherrarnir endanlega fjárhagsáætlun í október.

Hér á eftir er greint almennt frá forgangsverkefnum á samstarfssviðum Norrænu ráðherranefndarinnar 2015.

## Pólitísk forgangsörðun ráðherranefndanna

Á árinu 2013 fékk framkvæmdastjórinn umboð til að kanna hvernig bæta mætti norræna ríkisstjórnasamstarfið og gera það skilvirkara. Í samræmi við umboðið var skýrslan „Nytt Norden“ unnin veturinn 2013–2014. Á árinu 2015 leggur ráðherranefndin kapp á að framkvæma ákvarðanir samstarfsráðherranna frá 2014 um að *efla no rænt samstarf á ráðherrastigi, tryggja að skrifstofan sé skilvirk, endurnýja norræna fjárhagsáætlun, auka norrænt notagildi verkefna og áætlana og bæta stjórnun stofnana.*

Einn þáttur sem gæti eftt samstarf norrænu ríkisstjórnanna er fjárveitingarliður til forgangsverkefna sem tekinn var upp 2013. Markmiðið með fjárveitingum til forgangs- verkefna er að ryðja brautina fyrir stærri og almennari aðgerðum um ákveðin þemu.

Formenskuverkefni Svía og Íslendinga halda áfram 2015 undir forgangsverkefnaliðnum. Auk þess hefja Danir forgangsverkefni á formennskuári sínu 2015.

Forgangsverkefni forsætisráðherranna, Grænn hagvöxtur og Sjálfbær norræn velferð, halda áfram 2015. Verkefnið Grænn hagvöxtur eflir norrænt samstarf um t.d. orkunýtni, þróun sjálfbærrar orku, umhverfisvitund, nýsköpun og rannsóknir á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Verkefnið stuðlar einnig að stærri svæðisbundnum markaði með nægilegum fjölda til að geta haldið þróunarstarfi áfram.

Sjálfbær norræn velferð stuðlar að því að efla samstarf um menntun, atvinnu, rannsóknir og innviði velferðar. Markmiðið með áætluninni er að menntun á Norðurlöndum auki atvinnumöguleika og jafnframt að tryggja gæði og nægt framboð af hæfu starfsfólki hjúkrunar- og umönnunarþjónustu.





## Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun 2015

Áherslan á Grænan hagvöxt og Sjálfbæra norræna velferð helst í hendur við þverfaglegt stefnumótunarskjal, *Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum*, sem nú kemur til framkvæmda. Stefnumótunin á að tryggja samþættingu sjálfbærnisjónarmiða í allri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Sérstök áhersla verður lögð á samstarf um heilbrigðismál undir forgangsverkefnaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2015. Þannig er fjárveiting til að fylgja eftir skýrslu sem Bo Könberg, fyrrum félagsmálaráðherra Svía, vann um sóknarfæri í norrænu samstarfi um heilbrigðismál.

Norræna ráðherranefndin leggur sérstaka áherslu á starf sem auðveldar fólki og fyrirtækjum að *starfa þvert á landamæri*. Í norrænu samstarfi er unnið að því að samræma löggjafarstarf í löndunum og innleiðingarferli ESB-gerða.

Norræna ráðherranefndin leggur í *alþjóðasamstarfi* sínu 2015 áherslu á að auka samstarf og tengsl við grannríkin og aðra aðila. Þar ber að nefna alþjóðlega markaðssetningu Norðurlanda og kynningu á norrænu samstarfi. Vænst er mikillar þróunar og margra sóknarfæra á því sviði árið 2015.

Á haustdögum 2014 áttu Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin viðræður um tillögu ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Samráðinu lauk með eftirfarandi breytingum og nánari skýringum á fjárhagsáætlun ársins 2015:

*að* Norðurlandaráð kemur fyrir að gerð fjárhagsáætlunar þegar breytingar á ferlinu eru gengnar í garð;

*að* minnkun matarsóunar nýtur áfram forgangs hjá Norrænu ráðherranefndinni. Alls verða 2,4 MDKK eyrnamerkar til þessa, þar af 400.000 DKK undir fjárlagalið 1-8007 (Lífhagkerfisverkefnið) en markmiðið er að skapa þekkingu og leita nýrra leiða til að draga úr matarsóun;

*að* samstarf um málefni norðurslóða nýtur enn forgangs og verður fjárveiting til málaflokksins aukin á árinu 2015 í ljósi þess að áhersla er lögð á Norðurhöfin í formennskuáætlun Dana;

*að* nýr kafli verkefnisins Ný norræn matargerð hefst þegar 894.000 DKK verða veittar í myndun stefnumótandi tengslaneta mikilvægra stofnana. Danska formennskan hyggst einnig beina sjónum að Nýrri norrænni matargerð innan ramma áætlunarinnar „Gildi“ (fjárliður 1-8010);

*að* undir fjárliðnum 5-6610 kemur fram að í fiskveiðisamstarfi verður enn sem áður lögð áhersla á þróun samfélaga á strandsvæðum, málefni norðurslóða og viðfangsefni vegna breytinga á útbreiðslu mikilvægra fiskitegunda, þar á meðal uppsjávartegunda í Norður-Atlantshafi. Danska formennskan mun ennfremur leggja áherslu á að auka sjálfbærni í nýtingu auðlinda í Norðaustur-Atlantshafi innan ramma áætlunarinnar „Gildi“;

að aðgerðir á sviði lífhagkerfis eru mikilvægur þáttur í starfi að grænum hagvexti og sjálfbærni. Á sviði lífhagkerfis er leitast við að lágmarka úrgang og umhverfisálag í verðmætakeðjunni eins mikið og unnt er jafnframt því að hámarka verðmæti hennar. Markmiðið er enn fremur að vekja athygli nýrra kynslóða á mikilvægi græns hagvaxtar og sjálfbærni og taka á viðfangsefnum sem varða matvælaöryggi og loftslagsbreytingar;

að markmið starfs um líffræðilega fjölbreytni undir fjárlagaliðnum 8-3311 (Vinnuhópar á umhverfissviði) verða tilgreind nánar þannig:

- að norræn vistkerfi á landi verði í góðu ástandi;
- að gott jafnvægi milli verndunar og sjálfbærrar nýtingar á vistkerfum; náttúrunni, menningarumhverfi og borgarumhverfi sé auðlind sem tryggir velferð, vellíðan og útivist almennings á Norðurlöndum;
- að starfið stuðli að því að ná markmiðum Loftslags-samnings Sameinuðu þjóðanna og Samnings um líffræðilega fjölbreytni.

að Norðurlandaráði verður greint frá tvíhliða ferlum landanna sem miða að því að leysa skilgjaldavandann en Norræna ráðherranefndin bíður að öðru leyti áteka eftir niðurstöðum ferlisins;

að Norræna ráðherranefndin eyrnamerkir 400.000 DKK til HELCOM vegna framkvæmdar Baltic Sea Action Plan (BSAP) og stendur að aðgerðum HAV-vinnuhópsins og verkefnum Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO) til þess að bæta vistfræðilegt ástand Eystrasaltsins. Aðgerðirnar spanna breitt, þar á meðal greiningar, innleiðingu nýstárlegra lausna, námstefnur og þróunarverkefni;

að 400.000 DKK verður varið til verðlaunahátíðar Norðurlandaráðs;

að 1 MDKK verður veitt Norrænu blaðamannamiðstöðinni á árinu 2015. Féð verður sótt í fjárlagaliðinn „Stefnumótandi aðgerðir“ (4-2208);

að þar til annað er ákveðið getur Norræni sumarháskólinn (NSU) starfað í óbreyttri mynd og NordForsk getur ekki lækkað fjárveitingar til NSU um meira en 2,4% á árinu 2015 en hlutfallslega er það sami sparnaður og NordForsk er ætlað að taka á sig;

að hafin verður könnun á því hvort samlegðaráhrif og hagkvæmni geti náðst í sameiginlegu norrænu bókasafnsverkefni;

að börn og ungmenni njóti forgangs þegar Norræna ráðherranefndin styður kvikmynda- og sjónvarps-framleiðslu gegnum samstarfsstofnunina Norræna kvikmynda- og sjónvarpsstöðina;

að í fjárhagsáætlun 2015 verður fé varið til þess að tillögur í skýrslu Bos Könberg um framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum verði að veruleika, þar á meðal barátta gegn sívaxandi sýklalyfjaónæmi. Enn fremur að fundað verði árlega um One Health (sýklalyfjaónæmi í læknávisindum og dýralækningum);

að kannað verður hvernig koma má í veg fyrir að norræn börn og einstæðir foreldrar lendi í fátæktargildru;

að í ljósi góðrar reynslu undanfarinna ára verði unnið af sama krafti að nýrri þverfaglegri áætlun og nýjum aðgerðum í baráttu gegn mansali;

að Norræna ráðherranefndin metur niðurstöður neytendaráðstefnunnar þegar þær liggja fyrir og kannar hvernig vinna má áfram að viðfangsefninu „Daglegt líf án eitrefna“.



## Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar er aðallega fjármögnuð með beinum framlögum landanna. Grundvallarreglan er sú að framlög landanna samsvara heildarfjárhagsrammanum að frádrögnum gjöldum af launum starfsfólks, nettóvaxta-tekjum og öðrum tekjum, sbr. töflu hér á eftir. Framlög

landanna eru ákveðin samkvæmt ákveðinni skiptireglu, sem styðst við hlutdeild landanna í samanlögðum vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð seinustu tveggja ára sem tölur liggja fyrir um en það eru árin 2011 og 2012 í fjárhagsáætlun 2015.



TEKJUR þús. DKK (á verðlagi hvers árs)	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2013	SKIPTI- REGLA 2013	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014	SKIPTI- REGLA 2014	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	SKIPTI- REGLA 2015
Gjöld af launum	11.000		12.000		13.000	
Aðrar tekjur (t.d. vextir)	1.200		1.100		600	
Framlög landanna	974.526		942.115		918.182	
- Danmörk	217.319	22,3%	197.844	21,0%	183.636	20,0%
- Finnland	169.568	17,4%	153.565	16,3%	142.318	15,5%
- Ísland	6.822	0,7%	6.595	0,7%	6.427	0,7%
- Noregur	285.536	29,3%	288.287	30,6%	289.227	31,5%
- Svíþjóð	295.281	30,3%	295.824	31,4%	296.573	32,3%
<b>SAMTALS:</b>	<b>986.726</b>	<b>100%</b>	<b>955.215</b>	<b>100%</b>	<b>931.782</b>	<b>100%</b>

## Áætluð framlög landanna í eigin gjaldmiðli

Í Norrænum samningi um aðgang að æðri menntun er kveðið á um að greiðslur milli landanna skuli gerðar upp í framlögum þeirra til hinnar árlegu fjárhagsáætlunar um norrænt samstarf. Greiðsluákvæðið á við um Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Greiðsluákvæðið gildir ekki fyrir Álandseyjar, Færeyjar, Grænland og Ísland.

Nemar í rannsóknarnámi og í ósérgreindu háskólanámi eru ekki taldir með. Árleg greiðsla fyrir námsmann var 26.000 DKK á árinu 2013 og 30.000 DKK á árinu 2014. Árleg greiðsla fyrir námsmann er 30.304 DKK árið 2015.

Ráðherranefndinni berast tölfraðilegar upplýsingar frá námsstuðningsstofnunum landanna sem liggja til grundvallar þeim fjölda námsmanna sem ætlað er að fari á milli landa.

Hér á eftir sjást áætluð framlög landanna til Norrænu ráðherranefndarinnar í þúsundum þeirra eigin mynteiningar, þegar tekið hefur verið tillit til greiðslna samkvæmt Norrænum samningi um aðgang að æðri menntun og gengisskráningar sem samstarfsráðherrarnir hafa komið sér saman um, sbr. fylgiskjal 2.



### FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015 – ÁÆTLUÐ FRAMLÖG LANDANNA Í EIGIN GJALDMIÐLI

Danmörk	98.179	DKK
Finnland	22.347	EUR
Ísland	136.751	ISK
Noregur	387.426	NOK
Svíþjóð	359.261	SEK




### Greiðslur, æðri menntun þús. DKK

	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN
	2013	2014	2015
Danmörk	-76.830	-89.078	-85.457
Finnland	17.335	19.777	24.387
Ísland	0	0	0
Noregur	46.917	58.343	59.456
Svíþjóð	12.578	10.958	1.614
<b>SAMTALS:</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>



## Þróun fjárhagsáætlana á árunum 2004–2015



Samstarfsráðherrar hafa samþykkt fjárhagsramma fyrir árið 2015 sem felur í sér 2% niðurskurð (-19 MDKK) miðað við 2014. Á árinu 2014 var 5% sparnaður miðað við 2013 (-45 MDKK).

Breytingu ársins 2008 ber að skoða í ljósi hnattvæðingarverkefnis sem forsætisráðherrar kynntu á fundi sínum í Punkaharju í Finnlandi í júní 2007. Heildarkostnaður þess var 60 MDKK en ákveðið var að fjármagna það að hluta með því að auka ramma norrænu fjárhagsáætlunarinnar um 35 MDKK.

Sökum gengisbreytinga minnkaði fjárhagsramminn á föstu verðlagi milli áruna 2009 og 2010 en fjárhagsrammi ársins 2011 náði ekki sömu stærð og árið 2009. Ástæðan var sú að gengi norsku og sænsku krónunnar lækkaði töluvert gagnvart dönsku krónunni frá seinni hluta ársins

2008 fram á mitt ár 2009. Hækkunin milli áruna 2011 og 2012 hélt áfram til ársins 2013 en hún varð einnig vegna gengisbreytinga þegar gengi norsku og sænsku krónunnar hækkaði gagnvart dönsku krónunni. Tiltölulega mikið hrap á föstu verðlagi milli áruna 2014 og 2015 er ekki eingöngu skýrt með 2% niðurskurð í fjárhagsáætlun heldur einnig breyttu gengi norsku og sænsku krónunnar gagnvart dönsku krónunni.

## Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Samstarfsráðherrarnir</b>			
<b>Fjárveiting til forgangsverkefna samtals</b>		<b>74.375</b>	<b>74.768</b>
<i>Formennskusjóður</i>		45.676	30.480
1-8001	Samstarf um rannsóknir og nýsköpun í námuvinnslu (NordMin)	10.150	10.160
1-8003	Betra eftirlit með losun skammlífra loftslagsspilla	2.030	2.032
1-8004	Nám á vinnustað	3.045	3.048
1-8005	Norræni spilunarlistinn	2.030	2.032
1-8006	Velferðarvaktin	3.045	3.048
1-8007	Lífhagkerfisverkefnið	10.150	10.160
1-8008	Hagvöxtur	4.060	0
1-8009	Velferð	4.060	0
1-8010	Gildi	4.568	0
1-8011	Norðurhöf	2.538	0
<i>Forgangsverkefnasjóður</i>		28.699	44.288
1-8110	Prófunarstöð	0	828
1-8111	Menntamál og rannsóknir á sviði græns hagvaxtar	4.060	3.759
1-8112	Raforkumarkaður	1.015	1.173
1-8113	Græn tækniviðmið og -staðlar – Norðurlönd sem staðlagjafi	2.639	3.251
1-8114	Græn opinber innkaup	0	2.540
1-8115	Próun tækni og aðferða til meðhöndlunar úrgangs	4.568	6.736
1-8116	Aukin samþætting umhverfis- og loftslagssjónarmiða í þróunarsamvinnu	508	508
1-8118	Sérstök forgangsverkefni – Grænn hagvöxtur	406	499
1-8210	Sjálfbær norræn velferð	11.165	13.208
1-8212	Velferð og mataræði	785	1.016
1-8310	Loftslagsvænar byggingar	0	5.690
1-8311	Menning og sköpunarkraftur – KreaNord-verkefnið	0	4.064
1-8312	Samstarf hins opinbera og einkageirans um plöntukynbætur á Norðurlöndum	0	508
1-8313	Ný norræn matargerð	0	508
1-8410	Pólitísk forgangsverkefni	3.553	0



ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Samstarfsráðherrarnir</b>			
<b>Alþjóðasamstarf samtals</b>		<b>74.320</b>	<b>74.780</b>
1-0820	Þekkingaruppbygging og tengslanet	27.622	27.962
1-0980	Samstarf og samstarfsaðilar á landamærasvæðum	2.475	2.438
1-0960	Félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu	6.324	6.231
1-0970	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi	9.496	9.383
1-0810	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen	11.834	11.694
1-0850	Alþjóðasamstarf	1.753	1.727
1-0870	Samstarfsáætlun um málefni norðurskautssvæðisins	8.716	9.335
1-0950	Aðgerðir vegna Hvíta-Rússlands	4.498	4.432
1-0990	Samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri	1.602	1.578



ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Samstarfsráðherrarnir</b>			
<b>Önnur starfsemi og skrifstofan samtals</b>		<b>106.563</b>	<b>107.362</b>
<i>Önnur starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar</i>		<i>29.003</i>	<i>29.158</i>
1-0410	Samband Norrænu félaganna	3.227	3.244
1-0425	Framlög til Vestur-Norðurlanda	725	729
1-0435	Ráðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	412	414
1-0460	Sjálfbær Norðurlönd	3.026	3.042
1-1011	Upplýsingastarfsemi	5.162	5.086
1-1012	Norðurlönd í brennidepli	4.289	4.423
1-1030	Halló Norðurlönd	6.120	5.823
1-1036	Stjórnsýsluhindranaráðið	4.889	5.076
1-1050	Starfsmannaskipti	1.153	1.321
<i>Skrifstofa ráðherranefndarinnar</i>		<i>77.560</i>	<i>78.204</i>
1-0180	Skrifstofa ráðherranefndarinnar	77.560	78.204



ÞÚS.DKK	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Menntamál og rannsóknir (MR-U)</b>	<b>228.116</b>	<b>238.384</b>
<i>Almenn framlög til menntamála og rannsókna</i>	3.680	2.939
2-2505 Ráðstöfunarfé – Menntamál og rannsóknir	3.680	2.939
<i>Stefnumörkun o.fl</i>	15.481	17.847
2-2560 Tímabundnir (ad-hoc) vinnuhópar á forgangssviðum	0	2.595
2-2544 Norrænt tungumálasamstarf	7.015	6.911
2-2553 Stefnumótun, þekkingarsamfélagið og innviðir upplýsingatækni	568	560
2-3127 Stefnumörkun um fullorðinsfræðslu	7.898	7.781
<i>Ferðastyrkir og tengslanetaáætlanir</i>	75.735	74.616
2-2513 Nordplus	75.735	74.616
<i>NordForsk</i>	111.296	121.382
2-3100 NordForsk	111.296	121.382
<i>Annað samstarf um rannsóknir</i>	21.924	21.600
2-3180 Norræna kjarneðlisfræðisstofnunin (NORDITA)	9.002	8.869
2-3181 Norræna sjóréttarstofnunin (NIFS)	2.683	2.643
2-3182 Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	4.253	4.190
2-3184 Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	4.344	4.280
2-3185 Norræna Samastofnunin (NSI)	1.642	1.618



ÞÚS.DKK	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Félags- og heilbrigðismál (MR-S)</b>	<b>38.956</b>	<b>40.293</b>
<i>Framlög til verkefna</i>	8.826	8.695
3-4310 Framlög til verkefna – Félags- og heilbrigðismál	4.568	5.725
3-4311 Norrænt samstarf um heilbrigðismál – Bo Könberg-skýrslunni fylgt eftir	1.243	0
3-4320 Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.123	1.106
3-4340 Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (Nomesko) og Norræna hagsýslunefndin (Nososko)	1.892	1.864
3-4382 NIOM AS – Norræna tannlækningastofnunin	9.795	10.456
<i>Stofnanir</i>	20.335	21.142
3-4380 Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	20.335	21.142
3-4381 Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV)*	0	40.010

\*NHV er fjármagnaður beint af löndunum og er því ekki með í uppsafnaðri upphæð.





ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Menningarmál samtals (MR-K)</b>		<b>167.143</b>	<b>167.879</b>
<i>Almenn framlög til menningarmála</i>		46.284	46.416
4-2203	Ráðstöfunarfé – menningarmál	941	1.028
4-2205	Norræni menningarsjóðurinn	34.342	34.525
4-2206	Verðlaun Norðurlandaráðs	3.583	3.530
4-2208	Stefnumótandi aðgerðir	7.418	7.333
<i>Börn og ungmenni</i>		6.036	6.068
<i>Framlög til verkefna og almennir styrkir</i>		6.036	6.068
4-2212	Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)	6.036	6.068
<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>		35.062	37.207
<i>Framlög til verkefna og almennir styrkir</i>		32.037	34.063
4-2221	Norræna tölvuleikjaáætlunin	4.172	6.610
4-2222	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	27.865	27.453
<i>Stofnanir</i>		3.025	3.144
4-2228	Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	3.025	3.144
<i>Listir</i>		76.003	74.486
<i>Framlög til verkefna og almennir styrkir</i>		33.210	32.719
4-2251	Menningar- og listaáætlunin	17.786	17.523
4-2253	Norrænir þýðingastyrkir	3.067	3.022
4-2254	Norræn-baltnesk ferðastyrkjaáætlun á menningarsviði	12.357	12.174
<i>Norræn menningarhús (stofnanir)</i>		42.793	41.767
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	8.887	8.412
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum (NHFØ)	13.490	13.330
4-2274	Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÁ)	2.944	2.895
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.322	6.247
4-2548	Norræna menningargáttin (KKN)	11.150	10.883
<i>Annað menningarsamstarf</i>		3.758	3.702
<i>Framlög til verkefna og almennir styrkir</i>		3.758	3.702
4-2234	Samískt samstarf	3.758	3.702



ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Fiskveiðar, fis eldi, landbúnaður, skógrækt og matvæli samtals (MR-FJLS)</b>		<b>39.769</b>	<b>41.093</b>
	<i>Framlög til verkefna</i>	907	1.716
5-6420	Ný norræn matargerð	907	1.716
	<i>Fiskveiðar</i>	6.198	6.106
5-6610	Framlög til verkefna – Fiskveiðar	6.198	6.106
	<i>Landbúnaður og skógrækt</i>	27.071	27.761
	<i>Framlög til verkefna – Landbúnaður</i>	1.188	1.171
5-6510	Framlög til verkefna – Landbúnaður	369	364
5-6520	Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir (NKJ)	819	807
	<i>Stofnanir – Landbúnaður</i>	20.016	20.810
5-6585	Norræna erfðalindasetrið (NordGen)	20.016	20.810
	<i>Framlög til verkefna – Skógrækt</i>	5.867	5.780
5-6310	Framlög til verkefna – Skógrækt	306	301
5-6581	Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS)	5.561	5.479
	<i>Matvæli</i>	5.593	5.510
5-6810	Framlög til verkefna – Matvæli	5.046	4.971
5-6830	Norræn framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði	547	539



ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Jafnréttismál (MR-Jäm)</b>		<b>8.873</b>	<b>8.919</b>
	<i>Framlög til verkefna</i>	8.873	8.919
6-4410	Framlög til verkefna – Jafnréttismál	3.493	6.379
6-4420	Styrkjaáætlun jafnréttisráðherranna (MR-JÄM)	2.842	0
6-4480	Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði (NIKK)	2.538	2.540



ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Atvinnu-, orku- og byggðamál samtals (MR-NER)</b>		<b>132.686</b>	<b>140.438</b>
<i>Atvinnumál</i>		89.619	95.991
7-5140	Framlög til verkefna – Atvinnumál	1.986	1.957
7-5280	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	15.162	14.938
<i>Stofnanir – Atvinnumál</i>		72.471	79.096
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin	72.471	79.096
<i>Orkumál</i>		10.582	11.163
7-5141	Framlög til verkefna – Orkumál	4.130	4.192
<i>Stofnanir – Orkumál</i>			6.971
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	6.452	6.971
<i>Byggðamál</i>		32.485	33.284
7-5143	Framlög til verkefna – Byggðamál	5.320	5.393
7-5151	Norræna Atlantshafssamstarfið (NORA)	6.624	6.640
7-5160	Samstarf á landamærasvæðum	9.287	9.550
<i>Stofnanir – Byggðamál</i>		11.254	11.701
7-6180	Norræna rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	11.254	11.701



ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Umhverfismá (MR-M)</b>		<b>44.157</b>	<b>44.392</b>
8-3310	Ráðstöfunarfé – Umhverfismál	5.732	6.247
8-3311	Vinnuhópar á umhverfissviði	22.601	22.711
8-3312	Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs	609	0
8-3320	Norræna umhverfissjármögnunarfélagið (NEFCO)	11.016	11.297
8-6720	SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	4.199	4.137



ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Vinumál (MR-A)</b>		<b>13.632</b>	<b>13.698</b>
<i>Framlög til verkefna</i>		10.262	10.384
9-4110	Önnur framlög til verkefna – Vinnumál	907	694
9-4111	Vinumál – Fastanefndir	4.583	4.989
9-4120	Nordjobb	3.160	3.113
9-4130	Samskipti um vinnumál	1.612	1.588
<i>Stofnanir</i>		3.370	3.314
9-4180	Fræðslustofnun á sviði vinnuverndar (NIVA)	3.370	3.314



ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Efnahags- og fjármálastefna (MR-Finans)</b>		<b>1.810</b>	<b>1.819</b>
10-5210	Framlög til verkefna – Efnahags- og fjármálastefna	1.810	1.819



ÞÚS.DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014
<b>Löggjafarmál samtals (MR-Lag)</b>		<b>1.382</b>	<b>1.390</b>



## Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í þeirra gjaldmiðli



FJÁRVEITINGAR TIL NORRÆNNA STOFNANA		2015	2014	
<b>Menntamál og rannsóknir samtals (MR-U)</b>				
2-3100	Norræna rannsóknaráðið (NordForsk)	123.662.000	123.859.000	NOK
<b>Fiskveiðar og fis eldi, landbúnaður, skógrækt og matvæli (MR-FJLS)</b>				
5-6585	Norræna erfðalindasetrið (NordGen)	24.116.000	23.920.000	SEK
<b>Menningarmál (MR-K)</b>				
4-2228	Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	3.644.000	3.614.000	SEK
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	189.088.000	182.870.000	ISK
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum (NHFØ)	13.490.000	13.330.000	DKK
4-2274	Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÁ)	394.700	388.100	EUR
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.322.000	6.247.000	DKK
4-2548	Norræna menningargáttin (KKN)	1.494.600	1.458.800	EUR
<b>Félags- og heilbrigðismál (MR-S)</b>				
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	24.500.000	24.301.000	SEK
3-4381	Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV)	0	45.989.000	SEK
<b>Atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)</b>				
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin	80.523.000	80.710.000	NOK
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	7.169.000	7.113.000	NOK
7-6180	Norræna rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	13.559.000	13.449.000	SEK
<b>Vinnumál (MR-A)</b>				
9-4180	Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA)	451.800	444.200	EUR

## Fylgiskjal 2: Gengi gjaldmiðla og verðbólgustig 2015



GENGI GJALDMIÐLA OG VERÐBÓLGUSTIG			
100 EUR	=	746	DKK
100 ISK	=	4,7	DKK
100 NOK	=	90	DKK
100 SEK	=	83	DKK
Danmörk		1,2%	
Finnland		1,7%	
Ísland		3,4%	
Noregur		2,25%	
Svíþjóð		0,82%	

Reikningsstuðull vegna verkefna er 1,5%.







